

Nd.

450. Nefndarálit

[133. mál]

um frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Undirritaðir nefndarmenn vísa til nefndarálits 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar Ed. á þskj. 399.

Þrátt fyrir það, að nokkrar ábendingar okkar um augljósa galla á frv. hafi verið teknar til greina og samstaða orðið um þær í nefndinni, teljum við frv. svo ábótavant, að við munum ekki standa að samþykkt þess.

Við leggjum því til, að frv. verði vísað frá, en endurskoðun tekjustofnalaga verði haldið áfram með þau meginsjónarmið í huga, sem nefnd eru á þskj. 399.

Verði frávisunartillaga okkar samþykkt, munum við leggja fram nauðsynlegar breytingartillögur við gildandi tekjustofnalög, en áskiljum okkur að öðru leyti rétt til að flytja eða fylgja brtt. við 3. umræðu, verði frávisunartillagan felld.

Samkvæmt þessu leggjum við til, að frv. verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem allur undirbúningur þessa frumvarps er ónógur og lögfesting þess hefði hinar alvarlegustu afleiðingar fyrir einstök sveitarfélög og vissa hópa gjaldenda, telur deildin nauðsynlegt, að ætlaður verði meiri tími til endurskoðunar laga um tekjustofna sveitarfélaga, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 14. marz 1972.

Ólafur G. Einarsson,
frsm.

Ragnhildur Helgadóttir.